

## Starfsáætlun Atvest 2013-2014

### Hlutverk

**Hlutverk Atvest er að stuðla að aukinni verðmætasköpun sem getur haft styrkingaráhrif á atvinnulíf Vestfjarða.**

### Áhersluatriði

- Verja það atvinnulíf sem er á svæðinu með öflugum samvinnuverkefnum og klasastarfi.
- Efla atvinnulíf með því að verkefnisstýra og veita ráðgjöf til frumkvöðla, fyrirtækja og stofnana sem geta leitt af sér ný viðskiptatækifæri og ný fyrirtæki.
- Verja atvinnulíf svæðisins með því að verkefnisstýra og veita ráðgjöf til frumkvöðla, fyrirtækja og stofnana sem geti leitt til hagræðingar í rekstri eða framlegðaraukningar.
  - Efla fjárfestingar á Vestfjörðum með því að greina viðskiptatækifæri og kynna fyrir fagfjárfestum innan sem utan svæðis.
- Stunda rannsóknir og greiningar á atvinnulífi og samfélagi svæðisins sem geti varpað ljósi á samkeppnishæfni svæðisins, sem geti þ.a.l. haft áhrif á varnarbaráttu atvinnulífsins.

### Mælikvarðar og markmið

Verkefni félagsins þurfa að hafa mælikvarða sem snúa að efnahagslegum verðmætum (störf, tekjur, lækkun kostnaðar, þekkingarverðmæti osfrv.) og þurfa þau markmið að vera skilgreind af verkefnisstjórum félagsins í hverju verkefni fyrir sig.

### Verkefnin

Mikilvægt er að finna verkefnum og verkefnabeiðnum sem berast til félagsins farveg sem hafi skýr atvinnuþróunarleg markmið. Í anda hlutverks Atvest og út frá áherslum félagsins þá mun Atvest vinna í eftirfarandi verkefnum til skemmri og lengri tíma.

- Nýsköpunarkeppni haldin ásamt námskeiðum og vinnuhelgum þar sem unnið er með frumkvöðlum í að gera áætlanir um verkefnið. Stefnt er á að vera á Patreksfirði, Ísafirði og Hólmavík. Markmiðið er að styðja við frumkvöðla, skapa ný fyrirtæki og ný störf.
- Greiningarvinna þar sem markmiðið er að búa yfir þekkingu á því sem þarf að bæta eða sækja í tengslum við:
  - Ferðaþjónustu
  - Sjávarútveg
  - Vinnumarkað og þróun vinnumarkaða.
  - Atvinnulífið í heild sinni
  - Búsetuskilyrði

- Ráðstefna um sjávarútveg í samstarfi við sjávarútvegsklasa Vestfjarða þar sem markmiðið er að auka gæðavitund, markaðsvitund sem svo getur haft áhrif á framþróun fyrirtækja í sjávarútvegi á Vestfjörðum.
- Ráðstefna um fiskeldi í samstarfi við eldisklasa Vestfjarða þar sem markmiðið er að gera sýnileg þau tækifæri og viðfangsefni sem stórfelld eldisuppbýgging hefur í för með sér. Þetta geti skapað betri yfirsýn yfir hvað þurfi að gera varðandi hraðari og betri uppbyggingu innan Vestfjarða.
- Ráðstefna um menningu og skapandi greinar þar sem markmiðið er að greina hver stórt hlutfall af hagkerfinu er tengt skapandi greinum ásamt því að gera grein fyrir þeim miklu margfeldisáhrifum sem vænta má af öflugu menningarlífi og skapandi greinum.
- Þátttaka í átaksverkefni á Bíldudal sem er samstarfsverkefni við Byggðastofnun þar sem markmiðið er að vinna með íbúum varðandi uppbyggingu á Bíldudal.
- Mæling á efnahags- og samfélagslegum áhrifum af eldisuppbýggingu á S-vestfjörðum þar sem markmiðið er að styðja við frekari sjálfbæra uppbyggingu atvinnulífs á Vestfjörðum.
- Fjárfestingaverkefni á Vestfjörðum sem miðar að kynningu gagnvart erlendum fjárfestum þar sem markmiðið er að fá fjárfesta í ákveðnum verkefnum til lengri tíma. Lögð verður áhersla á landeldi, skeldýrarækt og ferðaþjónustu.
- Vestfirðir sem áfangastaður fyrir kvikmyndatökulið þar sem markmiðið er að fá til svæðisins fyrirtæki sem framleiða auglýsingar og smærri myndatökuverkefni .
- Vinna við aukna samkeppnishæfni sjávarútvegs í tengslum við sjávarútvegsklasa Vestfjarða, en byggt á fyrri greiningum Atvest þarf að skoða samkeppnishæfni sjávarútvegs með áherslu á tæknilega bestun og markaðsmál.
- Vinna við aukna samkeppnishæfni ferðaþjónustu í tengslum við myndun á heildarklasa í ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Markmiðið er að heildarklasinn myndi samstöðu um þau mál sem geta leitt til aukinnar samkeppnishæfni og vaxtar í ferðaþjónustu.
- Samstarf við markaðsstofu Vestfjarða um markaðssetningu Vestfjarða
- Stefnumótandi vinna fyrir Súðavíkurrepp í atvinnumálum þar sem markmiðið er að vera þátttakandi í verkefnum með sveitarfélaginu sem geti leitt til fjölgunar atvinnutækifæra.
- Stefnumótandi vinna fyrir Reykhólahrepp og Strandir í atvinnumálum þar sem markmiðið er að vera þátttakandi í verkefnum með sveitarfélaginu sem geti leitt til fjölgunar atvinnutækifæra.
- Stefnumótandi vinna fyrir Ísafjarðarbæ í atvinnumálum og vinna við mótun aðgerðaáætlana um lykilverkefni þar sem markmiðið er að vera þátttakandi í verkefnum með sveitarfélaginu sem geti leitt til fjölgunar atvinnutækifæra.
- Stefnumótandi vinna fyrir Vesturbyggð í atvinnumálum þar sem markmiðið er að vera þátttakandi í verkefnum með sveitarfélaginu sem geti leitt til fjölgunar atvinnutækifæra.
- Áframhaldandi þróun á Vatnavinum Vestfjarða þar sem markmiðið er að byggja upp heimsklassa áfangastaði í ferðaþjónustu.
- Efling svæðisbundinna ferðaþjónustuklasa á Vestfjörðum þar sem markmiðið er að taka tillit til þeirra ólíku þarfa sem svæðin hafa í tengslum við ferðaþjónustu.

- Greining á hliðartækifærum í sjávarútvegi þar sem markmiðið er að nýta aukaafurðir til að skapa ný fyrirtæki og störf.
- Greining á sameiginlegri þjónustuuppbyggingu fyrir laxeldi og aðstoð við grunnrannsóknir sem nýst geta við eldisuppbyggingu á svæðinu.
- Skoða þjónustuuppbyggingu sveitarfélaga með það að markmiði að tryggja að þjónustustig sé hátt og það hafi áhrif á val á búsetu.
- Vinna með fulltrúum skapandi greina á Vestfjörðum með það að markmiði að skilgreina hvaða verkefni þurfi að framkvæma til þess að hægt sé að fjölga störfum í skapandi greinum á svæðinu.
- Vinna að markhópagreiningu og skilgreiningu þjónustuleiða fyrir Atvest sem verður hluti af vinnu við nýja heimasíðu Atvest sem verður tekin í gagnid á árinu.
- Vinna við uppbyggingu netfangagrunns fyrirtækja og einstaklinga sem nýtist í greiningarvinnunni sem þegar hefur verið skilgreind og jafnframt að gera Atvest að leiðandi stofnun í rannsóknum á atvinnulífi á Vestfjörðum.
- Klára markaðs- og viðskiptaáætlanir fyrir nýsköpunarfyrirtæki og fyrirtæki í rekstri á Vestfjörðum.
- Vinna að áframhaldandi uppbyggingu kræklingaklasa á Vestfjörðum og efla framleiðslu og markaðsstarf innan hans.
- Vinna að uppbyggingu gistingu og vinnustofu fyrir erlenda listamenn á Ísafirði. Markmiðið er að 6-10 listamenn dvelji á Ísafirði á hverjum tíma í lengri tíma. Listamennirnir greiði fyrir aðstöðu á viðskiptagrundvelli.
- Kanna möguleikana á að stofna byggðasamlag vegna sameiningar slökkviliðs Ísafjarðabæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkur.
- Verkefnisstjórnun á markaðsátaki fyrir Arnarfjörð þar sem markmiðið er uppbygging ferðapjónustu í Arnarfirði.
- Vinna við þróunarverkefni um hótél á Bíldudal þar sem markmiðið er að búa til nýtt fyrirtæki og skapa ný störf.
- Greining á tækifærum í ferðapjónustu á Hólmavík með það að markmiði að efla uppbyggingu á hágæða gistirými.
- Frumkvöðlaráðgjöf og áframhaldandi vöruþróun í heilsutengdri upplifunar- og vellíðunarferðapjónustu. Efling rannsókna og tilrauna á þessu sviði í samstarfi við sérhæfða aðila til að þróa söluvörur.
- Vinna að áframhaldandi uppbyggingu samstarfsnets þangs og þara á Reykhólum til að efla rannsóknir og vöruþróun í tengslum við þörungum. Efling fjölbreyttrar framleiðslu og markaðsstarfs.
- Efla tengsl við sérfræðinga. Leita eftir áhugasömum „faraldsfræðimönnum“. Senda tæknistofnunum ábendingar um lausar skrifstofur og tillögur að samtarfi.
- Auka samvinnu við listaháskóla í tengslum við nýsköpun, vöruþróun, fullvinnslu og framleiðslu. Fá sérfræðinga til aðstoðar við vöruþróun á affalls hráefni og hliðarafurðum s.s. skartgripum, húsgögnum, matvælum og fatnaði.
- Kanna möguleikana á stofnun matvælaklasa til á Ströndum að sameina krafta bænda, safns og frumkvöðla á Ströndum/Reykhólum. Fagleg ráðgjöf og efling rannsókna á sérkennum hráefnis til að móta nýjar sérhæfðar vörur og byggja upp sérstætt vörumerki.

- Að vinna við uppbyggingu á frumkvöðlaverkefnum með áherslu á menntatengda ferðaþjónustu á Ströndum og Reykhólum.
- Vinna við samþættingu og klasastarf ferðaþjónustunnar á Suðursvæði Vestfjarða.
- Ráðgjöf til nýsköpunar og frumkvöðlastarfs á svæðinu.
- Vinna við uppsetningu og stofnun siglingastarfs jafnt fyrir fullorðna sem börn og unglunga í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu. Með hugsanlegu skútulægi fyrir erlenda sem innlenda aðila.
- Áframhaldandi vinna með sveitafélaginu Vesturbyggð vegna komu skemmtiferðaskipa.
- Efna til ráðstefnu með ferðaþjónum á Vestfjörðum þar sem samtalið milli ferðaþjóna og söluaðila á suðvesturhorninu verður gert gagnkvæmara.
- Tækifæri í sjávertengdri ferðaþjónustu greind betur og áframhaldandi vinna með slíkum tækifærum.
- Áframhaldandi vinna við klasaverkefnið Veisla að Vestan sem er samstarf lítilla matvælaframleiðanda.
- Efling fjárfestingafélagsins Hvetjanda svo að hann hafa meiri burði til þess að taka þátt í stærri fjárfestingaverkefnum.